

# HVAÐ ER AÐ GERAST UM

## FÉLAGSLÍF

Kvennalistinn:

### Laugardagskaffi á Víkinni

Í laugardagskaffi Kvennalistans á Hótel Vík á morgun mun Helga Kress, bókmenntafræðingur, tala um völvur og kvennameningu í fornöld. Heitt kaffi og meðlæti. Laugardagskaffið hefst kl. 14 og þangað eru allir velkomnir.

### Félag Snæfellinga og Hnappdæla í Reykjavík:

#### Spilaskemmtun

Félag Snæfellinga og Hnappdæla í Reykjavík heldur spíla-skemmtun í sóknarsalnum Skipholti 50a á sunnudaginn.

#### Færeyska sjómannaheimilið:

#### Basar

Á sunnudaginn kemur efna færæyskar konur og stuðningsmenn Færeyska sjómannaheimilisins hér í bænum til basars í sjómannaheimilinu í Brautarholti 29. Basarinn er til þess að afla fjár til sjómannaheimilisins en þar er nú verði að vinna að ýmsu innanstokks. Á boðstólum verður ýmskonar þrjónles svo og heimabakaðar kökur og hefst basarinn kl. 14.

#### Hótel Örk:

### Hlaðborð, sund og sauna

„Brunch“ að amerískum sið á Hótel Örk á sunnudögum milli kl. 12 og 15. Orðið „Brunch“ samanstendur af ensku orðunum breakfast og lunch sem þýða morgunverður og hádegisverður. Hér er um að ræða hlaðborð með köldum og heitum réttum, s.s. stórsteikum, síld, eggjum, beikoni og ávöxtum. Matargestir fá fritt í sundlaug og sauna. Helmingi afsláttur er fyrir börn undir 12 ára aldri.

Fastar áætlanarferðir eru farnar frá Umferðamiðstöðinni til Hveragerðis.

## SÖFN

### Póst- og símaminjasafnið:

#### Opið á sunnudögum og þriðjudögum

Póst- og símamálastofnunin hefur opnað safn. Póst- og símaminjasafnið, í gömlu símstöðinni að Austurgötu 11 í Hafnarfirði. Þar getur að líta safn fjölbreytilegra muna og tækja er tengjast pósti og símaþjónustu á Íslandi. Fyrst um sinn verður safnið opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15-18. Aðgangur er ókeypis. Þeir sem vilja skoða safnið utan opnunartíma hafi samband við safnvörð í síma 54321.

#### Þjóðminjasafn Íslands:

### Opið fjóra daga vikunnar

Þjóðminjasafn Íslands er opið laugardaga, sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 13.30 til 16.00.

#### Þjóðminjasafn Íslands:

### Vaxmyndasýning í Bogasal

Laugardaginn 31. jan. var opnuð í Bogasal Þjóðminjasafnsins sýning á 32 vaxmyndum af þekktum mönnum, íslenskum og erlendum. Vaxmyndasafn þetta gáfu Óskar

Halldórsson útgerðarmaður og börn hans íslenska ríkinu til minningar um ungan son og bróður, Óskar Theodór, sem fórst með línuveiðar- anum Jarlinum árið 1941.

Vaxmyndirnar verða til sýnis á venjulegum opnunartíma Þjóðminjasafnsins, aðgangseyrir er kr. 50, en ókeypis fyrir börn og ellilífeyrisþega.

#### Sjóminjasafnið:

### Síðustu sýningar á gufuskipatímabilinu

Sjóminjasafn Íslands auglýsir síðustu sýningar á gufuskipatímabilinu helgarnar 7.-8. mars og 14.-15. mars.

Eftir það verður safnið lokað vegna breytinga þangað til í byrjun júní.

Þá verður opnað aftur með sýningu um íslenska arabátinn og byggir sú sýning á bókum Lúðvíks Kristjánssonar „Íslenskum sjávarhátum“. Til sýnis verða kort og myndir úr bókinni auk veiðarfæra, líkana o.fl..

#### Árbæjarsafn:

### Opið eftir samkomulagi

Enginn fastur opnunartími er yfir veturinn en safnið er opið eftir samkomulagi. Síminn er 84412.

#### Listasafn Einars Jónssonar:

### Safn og garður

Listasafn Einars Jónssonar er opið alla laugardaga og sunnudaga kl. 13.30 til 16. Höggmyndagarðurinn er opin daglega frá kl. 11 til 17.

#### Ásgrímssafn:

### Opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga

Ásgrímssafn er opið sunnudaga, þriðjudaga og fimmtudaga milli kl. 13.30 og 16.

## BÓKMENNTIR

#### Norræna húsið:

### Norræn ljósmynda-sýning

Í anddyri Norræna hússins hefur verið opnuð sýning sem ber heitið Norræn ljósmyndir 85. Á sýningunni er úrval mynda eftir ljósmyndara frá Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Markmiðið með sýningunni er að sýna listræna ljósmyndun frá sem flestum sjónarhornum og að styrkja stöðu ljósmyndalistarinnar með tilliti

til annara greina myndlistarinnar.

Frumkvæðið að sýningunni átti Finn Thrane, forstöðumaður Ljósmyndasafnsins, sem hefur aðsetur í nýrri listamiðstöð í Óðinsvéum en hún var opnuð 1. janúar sl.. Myndirnar á sýninguna voru valdar af Gert Garmund, en hann ferðaðist ásamt Ester Nyholm um Norðurlönd og völdu þau ljósmyndir eftir 58 ljósmyndara. Afraksturinn var um 350 ljósmyndir, en á sýningunni í Norræna húsinu verður ekki nema brot af þeim, 57 myndir.

Íslendingarnir sem eiga myndir á sýningunni eru Guðmundur Ingólfsson, Ólafur Lárusson, Jóhanna Ólafsdóttir, Valdis Óskarsdóttir, Sigurgeir Sigurjónsson, Jim Smart og Páll Stefánsson.

Sýningin verður opin á opnunartíma hússins kl. 9-19 alla daga nema sunnudaga kl. 12-19 til 23. mars.

#### Norræna húsið:

### Norski rithöfundurinn Carl Fredrik Engelstad

Á morgun laugardag kl. 16 verður kynning á norskum bókum í fundarsal Norræna hússins, en þá kynir Óskar Vistdal, sendikennari, bókaútgáfu síðasta árs í Noregi.

Norska rithöfundum og gagnrýnandanum Carl Fredrik Engelstad var boðið til Íslands af þessu tilefni og les hann úr nýjustu bók sinni „Lifenda land“, sem gagnrýnendur hafa nefnt eina merkustu norsku skáldsöguna eftir stríð. Afturðir sögunnar gerast á einum örlagaríkustu tímum evrópskrar sögu, á lokaöld miðalda með öllum umbrotum þess tíma í stjórnmálum, trúmálum og andlegu lífi.

Engelstad hefur lagt mikið af mörkum bæði til fræðibókmennta og fagurbókmennta með ritmiðum um bókmenntasögu, ævisögu, greinum um menningarmál, skáldsögu og leikritum.

Þegar árið 1940 gaf hann út „Menn og máttarvöld. Miðaldaskáldsögur Sigríðar Undset“ og tveimur árum síðar kom út ævisagan „Frans af Assisi. Trúbadúr og dýrlingur“.


Sem skáld kom Engelstad fyrst fram með skáldsögunni „Gestir í myrkrunu“, 1957. Auk hennar og sögunnar „Lifenda land“ hefur hann gefið út skáldsöguna „Mestur meðal þeirra“ 1977. Á lokum skal nefnt leikrit hans „Adam, hvar ert þú?“ og „Þrír Maríudansleikir“ 1981.

#### Gerðuberg:

### Hreingerning, þvottur, verksmiðjuvinna, væri það efni í brag?

Á sunnudaginn kl. 14 hefst í Gerðubergi samfelld dagskrá með upplestri úr íslenskum fagurbókmenntum, þar sem lýst er störfum kvenna allt frá tímum Eddukvæða til okkar daga. Dagskráin er á vegum Borgarbókasafns og Menningarmiðstöðvarinnar í Gerðubergi. Hún er öllum opin og aðgangseyrir er enginn. Borgarbókasafnið í Gerðubergi verður opið og barnagæsla á staðnum. Sundurliðuð

# Helgina?



#### ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ:

### Sýningum á Aurasálinni fer fækkandi

Sýningum á gamanleiknum Aurasálinni eftir Moliere í þýðingu og leikstjórn Sveins Einarssonar fer nú fækkandi. Leikritið verður sýnt á stóra sviðinu í kvöld og fimmtudagskvöld kl. 20. Á myndinni má sjá Bessa Bjarnason í hlutverki aurasálarinnar Harpagons.

dagskrá liggur frammi á öllum útlánsdeildum Borgarbókasafns. Strætisvagnar — leið 13 — ganga frá Lækjartorgi fimm mínútur yfir heilan og hálfan tíma og stöðva við Gerðuberg.

## MYNDLIST

#### Gallerí Svart á hvítu:

### Sýning á verkum Sigurðar Guðmundssonar.

Í dag kl. 20 opnar í Gallerí Svart á hvítu við Óðinstorg sýning á verkum Sigurðar Guðmundssonar.

Sigurður er fæddur í Reykjavík 1942 og stundaði nám við Myndlist- og handíðaskóla Íslands 1960-63 en hélt þá til Hollands og var við nám í Academie 63 í Haarlem 1963-64 og við Ateliers 63 í Haarlem 1970-71.

Sigurður var einn af stofnendum Gallerí SÚM og Nýlistasafnsins. Hann hefur síðan 1970 verið búsettur í Hollandi. Hann hefur tekið þátt í miklum fjölda samsýninga og haldið einkasýningar víða um lönd.

Þetta er fyrsta einkasýning Sigurðar Guðmundssonar í Reykjavík síðan 1977. Í Gallerí Svart á hvítu sýnir hann grafík, vatnslitamyndir og eina höggmynd.

Sýningin stendur til 15. mars og er opin alla daga kl. 14-18.

#### Gallerí Borg:

### Hringur Jóhannesson sýnir

Fimmtudaginn 5. mars opnaði Hringur Jóhannesson sýningu í Gallerí Borg við Austurvöll.

Á sýningunni eru um fjórutíu verk; olíumálverk, teikningar, pastelmyndir og litkritarmyndir.

Sýningin er opin virka daga frá kl. 10-18 nema mánudaga kl. 12-18

og um helgar kl. 14-18. Sýningunni lýkur 17. mars.

#### Akóges-húsið:

### Málverkasýning og uppákomur

Dagana 6., 7. og 8. mars halda myndlistarmennirnir Pétur Stefánsson og G.R. Lúðvíksson samsýningu í Akóges-húsinu í Vestmannaeyjum.

Pétur Stefánsson sýnir teikningar og blandaða tækni. G.R. Lúðvíksson sýnir olíuverk unnin á striga og pappír.

Sýningin verður opnuð með lúðrablastri 70 blásara í kvöld kl. 20. Sveitin leikur síðan 3 lög sem tileinkuð eru goðunum Ása í Bæ og Sigurði Reimarssyni.

Eftir lúðrablasturinn les Jóhannes Á. Stefánsson ljóð eftir skáldið Magnús Jóhannesson frá Hafnar-nesi. Flutt verða 3 ný og frumsamin þjóðhátalög. Á lokum flytur goður leynigestur ávarp og opnar sýninguna.

Veitingar verða á staðnum og flest verkin á sýningunni til sölu.

Sýningin verður opin föstudag kl. 20-22.30, laugardag kl. 14-22 og sunnudag kl. 14-22.

#### Listasafn ASÍ:

### Ásgerður Búadóttir opnar sýningu á myndvefnaði

Ásgerður Búadóttir sýnir myndvefnaði í Listasafni ASÍ við Grensásveg. Ásgerður hélt síðast einkasýningu á Kjarvalsstöðum 1984, en hefur hún síðari ár tekið þátt í ýmsum sýningum erlendis, svo sem Scandinavia Today, Borealís og sýningu í boði Kaupmannahafnarborgar ásamt Svavari Guðnasyni. Ásgerður hefur verið valin einn þeirra íslensku listamanna